

LEIÐBEININGAR
um
málskostnað
í opinberum málum

	<u>Bls.</u>
I. kafli - Almenn atriði	2
II. kafli - Almennt um sakarkostnað	3
III. kafli - Kostnaður sem ekki telst til sakarkostnaðar en ríkissjóði ber að greiða	8
IV. kafli - Yfirlit rannsóknara og heildarreikningur	9
V. kafli - Niðurfelling og fyrning sakarkostnaðar	10
VI. kafli - Opinber réttaraðstoð	10
VII. kafli - Réttaraðstoð við útlendinga	11
VIII. kafli - Gildistaka	12

- - -

Samantekt á helstu útgjaldaliðum vegna rannsóknar máls og meðferðar þess:

A. Málskostnaður/sakarkostnaður	13
B. Embættiskostnaður	14
C. Kostnaður sakbornings, brotþola eða fanga	15
D. Kostnaður sem ekki er greiddur	15
E. Opinber réttaraðstoð	15
F. Ferðakostnaður meðdómsmanna	15

**Leiðbeiningar
um
færslu kostnaðar á fjárlagalið í opinberum málum**

**I. kafli
Almenn atriði**

1. gr.
Markmið

Markmið leiðbeininga þessara er að tryggja að reikningar sem heimfærðir eru á fjárlagalið málskostnaðar í opinberum málum, 06-231, falli undir skilgreiningu málskostnaðar í opinberum málum og séu bókaðir á réttar tegundir og viðföng. Markmið leiðbeininganna er jafnframt að reikningar vegna lögræðis-, einkamála og útlendingamála sem heimfærðir eru á fjárlagalið opinberrar réttaraðstoðar, 06-232, séu bókaðir á réttar tegundir og viðföng.

2. gr.
Gildissvið

Leiðbeiningar þessar gilda um kostnað vegna opinberra mála sem [lög um meðferð sakamála nr. 88/2008](#) (sml.) taka til. Þær gilda einnig um kostnað vegna lögræðis-, einkamála og útlendingamála, um formaskilyrði og frágang reikninga og fylgiskjala þeirra.

3. gr.
Frágangur reikninga hjá embættum

Reikningar skulu vera númeraðir og bera með sér nafn, VSK-númer þar sem það á við og kennitölu útgáfuáðila eða viðtakanda greiðslu. Í reikningum skal koma fram lýsing á verki, einingafjöldi og verð fyrir hverja einingu. Enn fremur skal tilgreina hlutfall og fjárhæð virðisaukaskatts. Reikningar skulu vera samþykktir með áritun og ávallt bera með sér málsnúmer lögreglu eða númer dóms. Viðeigandi fylgiskjöl að baki reikningum skulu fylgja með, svo sem tímaskýrslur, dómsúrskurðir, tilnefningar og skipanir. Sé um útlagðan kostnað að ræða skal fylgja með frumrit eða ljósrit af reikningi vegna þess kostnaðar. Málsskjöl, svo sem lögregluskýrslur og dagbókarfærslur, skulu ekki fylgja reikningum til Fjársýslu ríkisins nema í algerum undantekningartilfellum og þá til útskýringa á málskostnaði.

Fjárhagsleg fylgiskjöl skulu fylgja reikningum, svo sem tímaskýrslur og annar undirliggjandi rökstuðningur. Reikningar skulu skráðir í málaskrá lögreglu.

4. gr.
Skilgreining kostnaðar í sakamálum

Málskostnaður í sakamálum er **allur** kostnaður sem lögreglustjórar, héraðsdómstólar og ríkissaksóknari greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embættis vegna rannsóknar og reksturs sakamála. Málskostnaður er færður á sérstakan fjárlagalið, 06-231, málskostnað í opinberum málum.

Sakarkostnaður er **sá hluti** málskostnaðar sem annars vegar **sakborningi er gert að greiða** samkvæmt sektargerð lögreglustjóra og hins vegar sem **dómpóla er gert að greiða** samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun dómara og kveðið hefur verið á um í dómi sbr. 217. gr. laga um meðferð sakamála. Lagt skal út fyrir sakarkostnaði úr ríkissjóði sbr. 221. gr. sml. Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði eða viðurlagaákvörðun skal innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu. Skal hann bera kostnað af þeim aðgerðum, svo og aðgerðum vegna fullnustu sektarrefsingar og annarra viðurlaga á hendur honum, til viðbótar sakarkostnaði. Innheimtumiðstöð sekta og

sakarkostnaðar hefur verið falið að sjá um innheimtu sakarkostnaðar. Hann er færður til lækkunar á fjárlagalið 06-231, málskostnað í opinberum málum.

Embættiskostnaður er kostnaður sem færður er á viðkomandi embætti en ekki á fjárlagalið 06-231, svo sem útlagður kostnaður vegna starfsmanna viðkomandi embættis. Þennan kostnað er **ekki** unnt að endurkrefja sakborning um.

II. kafli

Almennt um sakarkostnað

5. gr.

Almennt

Í 216. gr. [laga um meðferð sakamála nr. 88/2008](#) (sml.) kemur fram hvaða útgjöld teljast til sakarkostnaðar. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar teljast til sakarkostnaðar *óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar sakamáls og meðferðar þess*. Í liðum a-d eru talin upp útgjöld sem teljast til sakarkostnaðar og er upptalningin ekki tæmandi. Í 218.-220. gr. er kveðið á um skyldu ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt 149. gr. sml. getur lögreglustjóri gefið sakborningi kost á að ljúka máli sem hann hefur ákærvald um skv. 24. gr. sml., með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun sektar og sakarkostnaðar en greiðir ekki er unnt að krefjast fullnustu með aðför.

6. gr.

Gjöld sem teljast til sakarkostnaðar

Eftirfarandi gjöld teljast til sakarkostnaðar:

Vegna rannsóknar sakamáls og meðferðar þess.

- a. Þóknun verjanda.
- b. Þóknun réttargæslumanns.
- c. Annar kostnaður vegna varnar sakbornings og réttargæslu fyrir brotþola (ferða- og upphaldskostnaður verjanda og réttargæslumanns).
- d. Kostnaður og þóknun vitna.
- e. Kostnaður við sérfræðilegar álitserðir, mats- og skoðunargerðir.
- f. Kostnaður vegna afnota af aðstöðu eða munum annarra manna.
- g. Kostnaður af birtingu ákæru, kvaðninga og annarra tilkynninga.
- h. Áfrýjunarkostnaður.

7. gr.

Þóknun verjanda

Þóknun skipaðs verjanda skal **ákveðin í dómi eða úrskurði** ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt, sbr. 1. mgr. 38. gr. [sml.](#) Dómari ákveður þóknun í **einu lagi** ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakbornings er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda, sbr. 2. mgr. 38. gr. sml. Þóknun er ákveðin með tiltekinni fjárhæð, sbr. 1. mgr. 217. gr. sml.

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. [laga um nálgunarbann nr. 122/2008](#), er dómara skylt að verða við ósk manns um að skipa honum verjanda ef þess er krafist að hann sæti nálgunarbanni. Nálgunarbann er lagt á með úrskurði dómstóls að beiðni lögreglu og skal dómari ákveða sakarkostnað í úrskurði sínum. Lögmaður sem *sakborningur* hefur ráðið sér sjálfur samkvæmt 1. mgr. 32. gr. sml., á ekki rétt á greiðslu þóknunar úr ríkissjóði.

8. gr.
Þóknun réttargæslumanns

Þóknun skipaðs réttargæslumanns¹ brotþola skal **ákveðin í dómi eða úrskurði** ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 48. gr. sml.

Dómari ákveður þóknun **í einu lagi** ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns, sbr. 2. mgr. 48. gr. [sml.](#) Þóknun er ákveðin með tiltekinni fjárhæð, sbr. 1. mgr. 217. gr. sml.

Lögmaður sem *brotþoli* hefur ráðið sér sjálfur samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sml., á ekki rétt á greiðslu þóknunar úr ríkissjóði.

Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XXVI. kafla sml. sbr. 1. mgr. 45. gr. sml.

Ef leyst er úr einkaréttarkröfu að efni til við meðferð sakamáls í dómi er heimilt að dæma ákærða til greiðslu málskostnaðar vegna kröfunnar, enda hafi þess verið krafist, nema um sé að ræða kröfu brotþola sem hefur fengið sér skipaðan réttargæslumann, sbr. 3. mgr. 176. gr. sml.

9. gr.
Greiðsla reikninga

Í dómi eða úrskurði skal þóknun til verjanda og réttargæslumanns ákveðin með tiltekinni fjárhæð.

Héraðsdómstólar greiða reikninga vegna tildæmdra þóknana verjanda og réttargæslumanna í opinberum málum, svo og reikninga vegna þóknana verjanda og réttargæslumanna samkvæmt ákvörðun dómara. Dómstólar fylli greiðslustimpil út með tegund máls, ártali og dómsnúmeri. (S-mál = 70 og R-mál = 80.)

Ríkissaksóknari greiðir reikninga vegna tildæmdra þóknana verjanda og réttargæslumanna í Hæstarétti, svo og reikninga vegna þóknana verjanda og réttargæslumanna samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar.

Lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveður þóknun tilnefnds verjanda og réttargæslumanns, ef viðkomandi hefur ekki síðar verið skipaður til að gegna því starfi, sbr. 2. mgr. 38. gr. [sml.](#) Vinnuskýrsla lögmans skal lögð til grundvallar reikningi hans. Við ákvörðun þóknunar skal lögreglustjóri meta vinnu lögmans í þágu hins opinbera máls. Lögreglustjórar skulu hafa til hliðsjónar [viðmiðunarreglur Dómstólaráðs](#):

Ef sýnt þykir að mati lögreglustjóra að rannsókn máls dragist á langinn, er lögreglustjóra heimilt með visun til 3. másl. 2. mgr. 38. gr. sml. að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar. Æskilegt er að reikningur beri með sér hvort um hluta- eða lokagreiðslu er að ræða.

Þótt dómari eða lögreglustjóri hafi tekið ákvörðun um þóknun, skal hún ekki greidd fyrir en reikningur í samræmi við þá ákvörðun hefur borist frá viðkomandi lögmanni. Lögreglustjóra er heimilt að synja um greiðslu reiknings frá lögmanni um greiðslu þóknunar berist reikningur það seint að lögreglu og ákærvaldi yrði ekki mögulegt að gera kröfu um greiðslu sakarkostnaðar vegna hans við meðferð sakamáls. Gæta skal að ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda þegar lögreglustjórum berast reikningar sem eiga rætur að rekja til lögmansstarfa sem unnin voru í þágu sakamáls fyrir meira en fjórum árum en fyrningarfrestur kröfu reiknast frá þeim degi er lögmaður gat fyrst átt rétt til efnda.

Vinna lögmanna sem verjendur eða réttargæslumenn hafa ráðið til einstakra verka, svo sem til að mæta hjá lögreglu eða í dóm, greiðist af viðkomandi verjanda eða réttargæslumanni.

¹ Ávallt skal tilnefna réttargæslumann ef brotþoli er undir 18 ára aldri þegar rannsókn hefst og skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef til rannsóknar eru brot gegn XXIII.-XXIV. kafla hgl. og brotþoli óskar þess.

10. gr.

Ferða- og upphaldskostnaður verjanda og réttargæslumanns

Aðalreglan er sú að ferða- og upphaldskostnaður verjanda og réttargæslumanns er greiddur samkvæmt framlögðum reikningi. Heimilt er þó að greiða dagpeninga í stað upphaldskostnaðar samkvæmt reikningi og ber að miða fjárhæð þeirra við ákvörðun ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga fyrir ríkisstarfsmenn, sjá [gildandi reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins](#); núgildandi reglur nr. 3/2009.

Héraðsdómstólar greiða ferða- og upphaldskostnað vegna mála sem þar eru rekin en ríkissaksóknari vegna mála sem rekin eru fyrir Hæstarétti.

Vakin er athygli á því að dagpeningar eru **virðisaukaskattskyldir**.

Kostnað vegna [aksturs verjanda og réttargæslumanns skal miða við kílómetragjald eins og ferðakostnaðarnefnd ákveður það](#). Þar sem þessi kostnaður er þáttur í kostnaði verjanda við starfsemi sína er hann einnig **virðisaukaskattskyldur**. Reikninga vegna aksturskostnaðar skal **ekki** greiða nema þeir uppfylli framangreint skilyrði og beri með sér hvenær ferð er farin og þann tíma sem hún hefur tekið.

Þegar meta þarf hvað fellur undir ferða- og upphaldskostnað skal að meginreglu miða við að kostnaðurinn standi í beinum tengslum við málið. Þegar um dagpeninga er að ræða þarf að athuga hvenær ferð er farin og gæta að því að fjöldi daga sé réttur. Aukadagar eru ekki greiddir. Akstur innan Stór-Reykjavíkursvæðisins, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Mosfellsbæjar er innifalinn í þóknun. Ekki skal greiða fyrir akstur þar sem lengri leið hefur verið valin en þörf er á, [sjá nánar](#). Símakostnaður verjanda telst ekki sakarkostnaður.

11. gr.

Samþykki og greiðsla reikninga vegna starfa túlka og skjalabýðenda

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um þóknun túlks og skjalabýðanda vegna starfa þeirra á rannsóknarstigi og skulu slíkir reikningar greiddir af viðkomandi lögreglustjóraembætti. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal lögreglustjóri hafa hliðsjón af gildandi rammamningi er varðar þessa þjónustu og við val á þjónustuaðila skal leitast við að beina viðskiptum til aðila rammamnings, [sjá nánar](#).

Dómari tekur ákvörðun um þóknun túlks og skjalabýðanda vegna starfa þeirra við meðferð sakamáls fyrir dómi og skulu slíkir reikningar greiddir af viðkomandi dómstól.

12. gr.

Kostnaður við sérfræðilegar álitserðir og matsgerðir

Þegar lögregla eða dómari kallar eftir sérfræðilegri álitserð eða mats- og skoðunargerð telst það til sakarkostnaðar. Kostnaður vegna álitserða sem verjendur eða réttargæslumenn óska sjálfir eftir án samþykkis dómara telst ekki til sakarkostnaðar og greiðist ekki úr ríkissjóði.

Sem dæmi um sérfræðilegar álitserðir, mats- og skoðunargerðir og kostnað vegna þeirra má nefna:

- a. Geðrannsókn og geðskýrsla.
- b. Sálfræðimat og önnur þjónusta sálfræðings.
- c. Þóknun til matsmanns.
- d. Blóðsýni og þvagsýni: Hvað varðar kostnað vegna **töku** blóðsýnis skal hafa til hliðsjónar samning sem gerður hefur verið, eftir því sem unnt er, [sjá nánar](#). Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur (áður meinatæknir) annast töku blóðsýna og eftir atvikum þvagsýna, oftast að viðstöddum lögreglumanni til að tryggja ytra öryggi við sýnatöku.
Um getur verið að ræða kostnað vegna **rannsókna** á blóð- eða þvagsýni, s.s. alkóhólpróf eða lyfjapróf og kostnað vegna sendingar sýna. Vegna fíkniefnaaksturs skal senda bæði blóð- og þvagsýni.
- e. Matsgerðir rannsóknaraðila varðandi blóðsýni og þvagsýni.
- f. Matsgerðir lækna varðandi áhrif efna á aksturshæfni.

- g. Öndunar- svita og munnvatnssýni: Að öllu jöfnu annast lögreglan töku öndunar- svita og munnvatnssýna. Kostnaður vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis. Vakin skal athygli á 47. gr. [umferðarlaga nr. 50/1987](#) þar sem segir: “Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 15.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.”
- h. Læknisvottorð.
- i. Áverkavottorð: Samkvæmt [gildandi reglugerð nr. 1042 frá 28. desember 2010](#) sem tók gildi 1. janúar 2011 skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni, starfandi á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. lögum um sjúkratryggingar, að gera vottorð og skal greiða kr. 3.450 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur. Þetta á ekki við um sjálfstætt starfandi lækna. Vélritun á að vera innifalin í fjárhæðinni. Ríkisskattstjóri hefur litið svo á að lækningarar séu starfsmenn eða verktakar á vegum lækna. Áverkavottorð, útgefin af læknum sjúkrahúsa eða heilsugæslustöð skulu greidd skv. reikningi sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar. Reikningar fyrir vinnu vegna vottorða sjálfstætt starfandi lækna fyrir vinnu, þ.m.t. ritvinnslu, skulu metnir og greiddir skv. framlögðum reikningi. (ath. póstinn að austan)
- j. Veðurvottorð.
- k. DNA-rannsóknir.
- l. Reikningar frá Vegagerðinni sem varða rannsókn og meðferð sakamála.
- m. Vottorð vegna mannskaðarannsóknar.
- n. Réttarlæknisfræðileg líkskoðun telji lögregla það nauðsynlegt í þágu rannsóknar sakamáls og réttarkröfning samkvæmt úrskurði dómara.
- o. Efnafræðilegar rannsókn.
- p. Letur- og skriftarrannsóknir.
- q. Bókhaldsrannsóknir.
- r. Röntgenkostnaður vegna leitar að fíkniefnum.
- s. Rithandarsýnishorn.

13. gr.

Kostnaður vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls

Reikningum skal haldið til haga og liggi reikningur ekki fyrir skal kalla eftir honum. Sem dæmi um kostnað vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls má nefna:

- a. Símahlustun og kostnaður vegna annarra sambærilegra úrræða.
- b. Líkflutningur. [Hafa skal til hliðsjónar rannsóknir sem nýlega hefur verið gerður eftir því sem unnt er.](#)
- c. Brotflutningur ökutækis í tengslum við rannsókn refsiverðs verknaðar: Sé um að ræða brottflutning af öðrum ástæðum en vegna rannsóknar refsiverðs verknaðar, svo sem vegna bilunar, greiðist kostnaður ekki af málskostnaðarlið. Tryggingafélög greiða beint reikninga vegna umferðartjóna án milligöngu lögreglu.
- d. Geymslugjald fyrir bíla í tengslum við rannsókn refsiverðs verknaðar. Leitast skal við að lágmarka kostnað vegna þessa. Sé um geymslu bíls að ræða af öðrum ástæðum en vegna rannsóknar sakamáls hjá lögreglu greiðist kostnaður ekki af málskostnaðarlið.
- e. Kostnaður vegna vörslu dýra í tengslum við rannsókn sakamála. Leitast skal við að lágmarka kostnað vegna þessa.
- f. Kostnaður vegna opunar húsnæðis og mannabústaðar í tengslum við rannsókn sakamáls. Hafi húsakynni verið opnað af öðrum orsökum en vegna rannsóknar sakamáls, svo sem vegna vatnstjóns, brunaboða eða látins einstaklings, skal leitast við að innheimta kostnað sem af því hlýst hjá eiganda húsnæðis eða tryggingafélagi hans, dánarbúi o.s.frv.
- g. Kostnaður vegna bílaleigubifreiðar. Gera skal reikning fyrir sérhverja bílaleigubifreið svo unnt verði að tengja kostnaðinn við sérhvert mál. Leitast skal við að lágmarka kostnað svo sem kostur er. [Hafa skal til hliðsjónar rannsóknir Ríkiskaupa eftir því sem unnt er.](#)
- h. Ferðakostnaður ákærðs manns sem hvorki er í afplánun né sætir gæsluvarðhaldi: Leggi dómstóll út kostnað vegna ferðar ákærðs manns sem ekki getur staðið straum af

ferðakostnaði skal sá kostnaður greiðast af málskostnaðarlið og teljast til sakarkostnaðar.

14. gr.

Afnot muna annarra manna

Mönnum er skylt samkvæmt 1. mgr. 55. gr. [sml.](#) að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar og að láta í té aðstöðu eða muni sem hann ræður yfir, í þarfir rannsóknar, svo sem hús og flutningstæki, í þágu opinberrar rannsóknar. Greiða skal fyrir vinnu og annað sem látið er í té samkvæmt ákvæðinu og fer um það sem annan sakarkostnað.

15. gr.

Vitnaþóknun

Í XVIII. gr. [sml.](#) eru almennar reglur um vitnaskyldu. Ef vitni er boðað á dómþing eða það er kvatt þangað skal því greiddur kostnaður af að rækja vitnaskylduna. Samkvæmt 125. gr. [sml.](#) skal greiða vitni eftir kröfu þess og samkvæmt ákvörðun dómara, útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má skipta vitni nokkru máli, miðað við efnahag þess og aðstæður. Útlagður kostnaður er einkum ferða- og upphaldskostnaður.

Dómstólar greiða reikninga vegna vitnaþóknunar og útlagðs kostnaðar vitnis.

Ofangreindur kostnaður telst sakarkostnaður, sbr. b-lið 1. mgr. 216. gr. [sml.](#)

Um greiðslur vegna norrænnar vitnaskyldu fer samkvæmt reglugerð nr. 267/1998.

Tekið skal fram að ekki er um að ræða greiðslu þóknunar eða útlagðs kostnaðar til vitnis á rannsóknarstigi.

Lögreglustjóraembættin greiða lögreglumönnum sem eru á frívakt 4 klst. útkall mæti þeir í dóm sem vitni. Dómari ákvarðar greiðslur til lögreglumanna fyrir útlagðan kostnað.

16. gr.

Birtingargjöld

Í 156. og 185. gr. [sml.](#) eru almennar reglur um framkvæmd birtinga í opinberum málum. Lögreglumaður, fangavörður, annar starfsmaður Fangelsismálastofnunar eða stefnuvottur annast birtingu tilkynninga í opinberum málum, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Um er að ræða birtingargjöld í eftirtöldum tilvikum:

- a. Stefnuvottur annast birtingu.
- b. Birting í Lögbirtingablaði.
- c. Birting erlendis ef hún hefur haft í för með sér sérstakan kostnað.

Lögreglumanni eða öðrum framangreindum starfsmönnum sem jafnframt eru stefnuvottar er óheimilt að taka gjald fyrir birtingar sem hann annast í vinnutíma sínum. Mót lögmanns vegna viðtöku birtingar samkvæmt umboði telst **ekki** til sakarkostnaðar enda litið svo á að slíkt mót sé hluti af vinnuframlagi lögmannsins.

17. gr.

Kostnaður af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðfarargerð og eftir atvikum nauðungarsölu

Samkvæmt 88. gr. [sml.](#) getur lögregla krafist kyrrsetningar á eignum sakbornings til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Um meðferð kyrrsetningarkröfu fer eftir lögum um kyrrsetningu og lögbann o.fl. nr. 31/1990, þó með þeim undantekningum sem raktar eru í 2. mgr. 88. gr.

Kostnaður við aðför er birtingarkostnaður vegna greiðsluáskorunar. Kostnaður vegna fjárnáms er auk þess þinglýsinga- og stimpilgjald.

Uppboðskostnaður skv. 1. mgr. 5. gr. [laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.](#)

Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, verða ekki greidd fjárnáms-, kyrrsetningar- eða aðfarargjöld vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

18. gr.
Áfrýjunarkostnaður

Samkvæmt 2. mgr. 202. gr. [sml.](#) skal ríkissaksóknari að höfðu samráði við verjanda búa til málgögn, en til þeirra teljast afrit af þeim málskjöllum og endurritum sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn máls eins og áfrýjun er háttáð.

19. gr.
Gjöld sem ekki skal greiða og kostnaður vegna sáttamála lögreglustjóra

Samkvæmt 2. mgr. 216. gr. [sml.](#) skulu engin dómsmálagjöld greidd af opinberu máli. Kostnaður sem kann að falla til vegna sáttameðferðar sakamáls hjá lögreglustjóra, t.d. vegna lögmannaástoðar, er ekki greiddur af málskostnaðarlið og telst ekki vera málskostnaður í sakamáli. Sérstaklega skal gæta að því að kostnaður sem til fellur vegna sakamáls sem sætir sáttameðferð hjá lögreglustjóra verði hluti sáttasamnings milli aðila, t.d. kostnaður vegna læknisvottorðs og einkaréttarleg bótakrafa.

III. kafli

Kostnaður sem ekki telst til sakarkostnaðar en ríkissjóði ber að greiða

20. gr.
Kostnaðarliðir sem ekki teljast til sakarkostnaðar

Kostnaðarliðir hér að neðan teljast ekki til sakarkostnaðar, en eiga eftir sem áður að vera færðir á fjárlagalið 06-231.

- a. Kostnaður vegna dómtúlks, svo sem laun og ferða- og upphaldskostnað.
- b. Kostnaður vegna skjalapýðingar.
- c. Kostnaður vegna táknmálsúlks.
Í gildi er [rammasamningur](#) við Intercultural Ísland ehf., Jafnréttishús, Markmál ehf., Renata ehf., Túlka- og þýðingapjónustu Alþjóðahúss ehf. og Tulk ehf. vegna túlka- og þýðingarþjónustu.
- d. Kostnaður vegna kunnáttumanns skv. 12. gr. sml.
- e. Kostnaður vegna réttarkrufningar og líkflutnings nema í þeim tilfellum sem lögreglustjóri tekur ákvörðun um slíkt í þágu rannsóknar sakamáls. Varðandi kostnað vegna líkflutnings [skal hafa til hliðsjónar gildandi rammasamning sem nýlega hefur verið gerður eftir því sem unnt er.](#)

21. gr.
Kostnaðarliðir sem teljast til embættiskostnaðar

Sem dæmi um kostnaðarliði sem **ekki** teljast til málskostnaðar heldur embættis-kostnaðar má nefna:

- a. Ferða- og upphaldskostnað rannsóknara - Ef um er að ræða kostnað vegna dvalar rannsóknara erlendis getur innanríkisráðuneytið samþykkt slíka greiðslu enda sé slík dvöl óhjákvæmileg vegna rannsóknar máls.
- b. Ferða- og upphaldskostnað dómara.
- c. Ferða- og upphaldskostnað sækjanda.
- d. Lyfjakostnað vegna veikinda fanga.

- e. Kaffi- og matarkostnað fanga.
- f. Kostnað vegna þýðingar á íslenskum dómi sem fullnustaður er á Norðurlöndum og á erlendum dómi sem fullnustaður er hér á landi.
- g. Túlkaþjónustu samkvæmt norræna málasmáningnum ef **ekki** er um sakamál að ræða.
- h. Þýðingarkostnað vegna dóma sem fullnusta á erlendis að beiðni íslenskra fangelsisyrvalda.
- i. Kostnað vegna færslu dómþola í afplánun hér á landi.
- j. Kostnaður vegna viðgerða vegna spjalla á eigum ríkisins t.d. á fangaklefa, bílum lögreglu osfrv. – Bótakrafa – Fasteignir ríkissjóðs hefur umsjón með breytingum og endurbótum fasteigna ríkissjóðs.

Samkvæmt 22. gr. [laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsídóma, nr. 56/1993](#) er heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að fullnægja hér á landi viðurlögum sem fela í sér frjálssræðissviptingu og hafa verið dæmd eða ákvörðuð á annan hátt af dómstóli vegna refsiverðs verknaðar í ríki sem fullgilt hefur samninginn um flutning dæmdra manna.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laganna er heimilt að **endurkrefja** dómþola um kostnað vegna flutnings hans hingað til lands. Hafi ríkissaksóknari lagt slíkt mál í dóm og telji dómurinn heimilt að fullnægja viðurlögum hér á landi, ákveður dómurinn, í samræmi við ákvæði 13.–15. gr. framangreindra laga, ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt brot. Sakarkostnaður, sem fellur til hér á landi vegna málsmeðferðarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun verjanda. Hins vegar ef útivistardómur er endurupptekinn að kröfu dómþola, er heimilt, í samræmi við almennar reglur, að dæma hann til greiðslu sakarkostnaðar.

IV. kafli

Yfirlit rannsóknara og heildarreikningur

22. gr. *Samantekt útgjalda*

Lögreglustjórar skulu halda til haga öllum reikningum eða afritum þeirra fyrir útlagðan kostnað vegna málskostnaðar og sakarkostnaðar hvers máls fyrir sig. Reikninga skal skrá í málaskrá lögreglu á viðeigandi lögreglunúmer. Í skilagreinum með reikningum fyrir blóðtökur skal gera kröfu á skráningu málsnúmers lögreglu. Þegar ákært er í máli og gögn máls eru send héraðsdómstóli skal ákærandi taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu sem ásamt afritum reikninga á að vera hluti málgagna.

Lögreglustjórar skulu kveða á um sakarkostnað vegna sektargerða um leið og gengið er frá þeim.

Dómstólar skulu halda til haga öllum reikningum fyrir útlagðan kostnað sem þeir hafa samþykkt vegna hvers máls fyrir sig og liggja fyrir þegar mál er til meðferðar í dómi.

Ríkissaksóknari skal halda til haga öllum reikningum vegna útlagðs kostnaðar embættis ríkissaksóknara vegna hvers máls fyrir sig. Reikninga skal skrá í málaskrá ákæruvaldsins á viðeigandi lögreglunúmer. Þegar ákært er í máli og gögn máls eru send Hæstarétti skal ákærandi taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu sem ásamt afritum reikninga á að vera hluti málgagna.

23. gr. *Framlagning yfirlits á dómþingi*

Yfirlit rannsóknara skal lagt fram á dómþingi áður en mál er tekið til dóms og skal það kynnt jafnt fyrir ákærða, verjanda hans og ákæranda.

V. kafli
Niðurfelling og fyrning sakarkostnaðar

24. gr.
Heimild til niðurfellingar sakarkostnaðar

Skv. 221. gr. [sml.](#) ber að falla frá kröfu á hendur sakfelldum manni liggi nægilega ljóst fyrir, svo sem með árangurslausu fjárnámi, að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða.

VI. kafli
Opinber réttaraðstoð

25. gr.
Frágangur reikninga

Reikningar vegna opinberrar réttaraðstoðar ber að halda aðgreindum frá málskostnaðarreikningum enda bókast þeir á sérstaka fjárlagaliði. Þegar reikningar eru sendir Fjársýslu ríkisins er mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á málskostnaðarreikningum og reikningum vegna opinberrar réttaraðstoðar.

26. gr.
Mál skv. barnalögum (A-mál)

Málskostnað samkvæmt 11. gr. [barnalaga nr. 76/2003](#) ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11004.**

27. gr.
Lögræðismál (L-mál)

Málskostnað samkvæmt 17. gr. [lögræðis laga nr. 71/1997](#) ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11005.**

28. gr.
Einkamál – Barnsfaðernismál (E-mál)

Málskostnað vegna barnsfaðernismála samkvæmt 11. gr. [barnalaga nr. 76/2003](#) ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11011.**

29. gr.
Einkamál – Forsjarmál, aðfararmál (E-mál)

Málskostnað samkvæmt [barnalögum nr. 76/2003](#) vegna forsjarmála og aðfararmála ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11012.**

30. gr.
Einkamál – Hjúskaparmál (E-mál)

Málskostnað samkvæmt 2. mgr. 117. gr. [hjúskaparlaga nr. 31/1993](#) ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11013.**

31. gr.

Greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 21/1991 (N-mál)

Kostnað samkvæmt 3. mgr. 63. gr. d [laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991](#) ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11020.**

32. gr.

Greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 50/2009 (N-mál)

Kostnað samkvæmt 3. mgr. 4. gr. [laga um tímabundna greiðsluaðlögun nr. 50/2009](#) fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði nr. 50/2009 ber að heimfæra á fjárlagalið **06-232, opinbera réttaraðstoð; viðfang 11021.**

VII. kafli

Réttaraðstoð við útlendinga

33. gr.

Réttaraðstoð

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. [laga um útlendinga nr. 96/2002](#) skal dómari skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmannna þegar krafist er gæslu samkvæmt 7. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. laganna. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarrinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávisun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli á útlendingur rétt á að stjórnvald skipi honum talsmann. Ef fylgdarlaust barn skv. 5. mgr. 44. gr. sækir um hæli skal stjórnvald skipa því talsmann.

Þetta gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 42. gr., þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. másl., þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir ákvörðun um að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingisins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram **greiðast úr ríkissjóði.**

Ákvæði IV. kafla laga um meðferð sakamála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja skal útlendingur um **endurgreiðslu** kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

Kæri útlendingur ákvörðun á hann rétt á að innanríkisráðuneytið skipi honum talsmann. Reikninga vegna vinnu talsmanns skal senda innanríkisráðuneytinu.

Sem dæmi um um kostnað vegna réttaraðstoðar útlendinga má nefna:

- a. Kostnað vegna túlkapjónustu.
- b. Gistikostnað útlendingis.
- c. Matarkostnað útlendingis.
- d. Kostnað vegna bílaleigubifreiðar.
- e. Kostnað vegna læknavitjunar.

Bókað á fjárlagalið 06-231-11002.

34. gr.

Ábyrgð á kostnaði vegna útlendingamála

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögnum, **skal greiða** kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn **skal einnig greiða** kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingins til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað úr landi skv. 18. eða 42. gr. og **skal þá eigandi farsins eða leigutaki**, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt **eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi**. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr., **greiðist úr ríkissjóði**.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 7. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 2. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingins hér í allt að þrjá mánuði. Ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Ákvæði IV. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 34. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002. Af því leiðir að þóknun réttargæslumanns eða talsmanns greiðist úr ríkissjóði. Hins vegar skal krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

Kostnað vegna talsmanns ber að heimfæra á **fjárlagalið 06-232, opinbera réttaraðstoð vegna útlendinga; viðfang 11012**.

Kostnað vegna brottvísunar útlendinga úr landi ber að heimfæra á **fjárlagalið 06-231, málskostnað í opinberum málum; viðfang 11012**.

VIII. kafli
Gildistaka

35. gr.
Gildistaka

Leiðbeiningar þessar öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytið, 1. maí 2011.

Samantekt á helstu útgjaldaliðum vegna rannsóknar máls og meðferðar þess:

A. Málskostnaður/sakarkostnaður:

1. Þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar í málinu og réttargæslu fyrir brotþola:
Þóknun skipaðs verjanda (á dómstigi)
Þóknun skipaðs verjanda (á rannsóknarstigi)
Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola
Ferða- og uppihaldskostnaður skipaðs verjanda
Ferða- og uppihaldskostnaður skipaðs réttargæslumanns
2. Kostnaður við sérfræðilegar álitssgerðir, mats- og skoðunargerðir og afnot muna annarra manna, svo og vitnaþóknun:
 - a) Sérfræðileg álitssgerð, mats- og skoðunargerð:
Sálfræðingur (sálfræðileg athugun)
Geðlæknir (geðrannsókn)
Læknir:
Læknisvottorð
Áverkavottorð
Vottorð v/mannskaðarannsóknar
Vottorð um áhrif efna á aksturshæfni
Matsgerð vegna lyfjaprófa o.fl.
Réttarkrufning
Löggiltur endurskoðandi (bókhaldsrannsókn)
Efnafræðingur, lyfjafræðingur, líffræðingur o.fl.
Lyfjapróf (blóðrannsókn/þvagsýnisrannsókn)
Alkóhólpróf (blóðrannsókn/þvagsýnisrannsókn)
DNA-rannsókn
Efnafræðileg rannsókn (t.d. kannabis- og kókaínákvörðun)
Erfðafræðileg rannsókn
Túlkur (táknmálstúlkur)
Ýmsir sérfræðingar
Letur- og skriftarannsókn
Vottorð um veðurgögn og vinna við veðurgögn
Skjalapýðing
Skoðun á bifreið vegna slyss
Matskostnaður, ýmis
Vegagerðarreikningur vegna opinbers máls
 - b) Kostnaður við afnota muna annarra manna:
Þóknun fyrir afnot muna, t.d. húsa eða flutningatækja
Leiga fyrir afnot muna, t.d. húsa eða flutningatækja
 - c) Vitnakostnaður:
Vitnakostnaður:
Þóknun til vitnis v/atvinnumissis vegna rækslu vitnaskyldu fyrir dómi
Ferða- og uppihaldskostnaður vitnis
Útlagður kostnaður vitnis vegna rækslu vitnaskyldu
3. Þingvottagjald og birtingargjald:
Þingvottagjald (ef viðkomandi er ekki starfsmaður embættis)
Birting tilkynningar í opinberum málum
Þóknun til stefnuvotts (ekki starfsmaður embættis)
Birting í Lögbirtingablaði
Birting erlendis (útlagður kostnaður)
4. Kostnaður af kyrrsetningu (sbr. 88. gr. sml.):
Flutningur muna á geymslustað

5. *Kostnaður af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðfarargerð og eftir atvikum nauðungarsölu:*
 Kostnaður vegna fullnustu dóms með aðför, nauðungarsölu
 Aðfarargjald
 Gjald vegna beiðni um nauðungarsölu
 Þinglýsingar- og stimpilgjald
6. *Önnur óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar:*
 Þóknun fyrir að veita rannsóknara lið
 Þóknun til læknis v/blóðsýnatöku
 Öndunar- svíta og munnvatnssýni
 Hægðalosandi lyf
 Kostnaður v/töku og rannsókn öndunarsýnis (fast gjald)
 Akstur með blóðsýni
 Röntgenkostnaður vegna leitar að fíkniefnum
 Símahlustun og kostnaður vegna annarra sambærilegra úrræða
 Líkflutningur
 Flutningur á bifreiðum
 Leiga á skipi eða flugvél vegna leitarflugs
 Ferðakostnaður sakamanns/brotapöla sem sóttur er til annarra landa
 Ferðakostnaður dómþola til afplánunar hér á landi
 Myndbandagerð
 Leiga á bifreiðum vegna rannsókna
 Flutningskostnaður kærðs/ákærðs aðila fyrir dómara
 Hreingerning á herbergi ef um opinbera rannsókn er að ræða
 Urðun búpenings vegna opinbers máls
 Kostnaður vegna sakbendingar

B. Embættiskostnaður:

- Laun rannsóknara
 Dómaralaun
 Laun saksóknara
 Kostnaður vegna gæsluvarðhalds
 Ferða- og uppihaldskostnaður rannsóknara
 Ferða- og uppihaldskostnaður dómara
 Ferða- og uppihaldskostnaður sækjanda
 Greiðslur til lögreglumanna utan vinnutíma v/vitnaskyldu fyrir dómi
 Lyfseðilsskyld lyf fyrir fanga (velferðarráðuneytið)
 Læknisþjónusta við fanga (heilbrigðisráðuneytið)
 Frá og með 1. janúar 1998 hefur velferðarráðuneytið séð um og borið ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum og greitt allan kostnað af þeirri þjónustu við fanga sem hún sér um og ber ábyrgð á
- Lyf (ekki lyfseðilsskyld) fyrir fanga (fangelsismálastofnun)
 Kaffi- og matarkostnaður fanga (fangelsismálastofnun, lögreglustjórar)
 Flutningskostnaður kærðs/ákærðs aðila fyrir dómara
 Flutningskostnaður lögreglu vegna flutnings manns á sjúkrahús
 Hreinsun lögreglubíla t.d. eftir flutning á dýrum o.s.frv.
 Viðgerð vegna skemmda sem gerðar eru á opinberum eigum, s.s. fangaklefa
 Bætur til lögreglumanna vegna árásar á hann. Um eigin sök og lækkun bóta gilda almennar reglur skaðabótalaga.
 Förgun á rusli
 Eyðing fíkniefna
 Kostnaður lögreglustjóra vegna vélritunar og frágangs máls sem hann hefur ákærvald í

- C. Kostnaður sakbornings, brotþola eða fanga:**
Þóknun til lögmans sem sakborningur hefur ráðið sér sjálfur
Þóknun til lögmans sem brotþoli hefur ráðið sér sjálfur
Vítamín fyrir fanga (fangi greiðir sjálfur)
Sjúkraflutningur sem ekki tengist meðferð sakamáls
- D. Kostnaður sem ekki er greiddur:**
Réttargjöld
Gjald fyrir sakavottorð
Fæðingarvottorð
Búsetuvottorð
Veðbókavottorð
Eftirrit þinglýstra skjala
Staðfesting dómsgerða
- E. Opinber réttaraðstoð:**
Þóknun skipaðs lögmans sem gætir hagsmuna horfins manns og önnur útgjöld greiðast af fjárlagalið 06-232 opinber réttaraðstoð. Dómari getur þó ákveðið að þóknun greiðist af eignum hins horfna manns.
- F. Ferðakostnaður meðdómsmanna:**
Ferðakostnað meðdómsmanna ber að færa á fjárlagalið 06-210, viðfang 1.11 um meðdómsmenn.